

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda

Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum – seinni hluti

9. október 2014

kl. 9:00 – 17:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímamann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu.

Prófmönnum er heimilt að taka með sér báða hluta prófsins, fylgiskjöl, lausnir og önnur gögn að loknum seinni prófdegi, en skulu skila í prófmöppu útprentun af úrlausnum, auk þess að vista rafrænar úrlausnir.

Verkefni 12 – 90 mín.

Meðfylgjandi eru drög að ársreikningi Sæútgerðar ehf. fyrir árið 2013, sjá fylgiskjal 12.1. Á árinu 2013 varst þú og þitt endurskoðunarfélag kjörið endurskoðendur Sæútgerðar ehf. en ársreikningur félagsins fyrir árið 2012 var ekki endurskoðaður. Endurskoðunarfyrirtæki á Akureyri hafði þó aðstoðað við gerð ársreikningsins í samræmi við ISRS 4410 og endurskoðandi skrifað undir áritun þess efnis. Guðmundur Sveinsson, fjárfestir, keypti á árinu 2013 meirihluta hlutabréfa í félaginu og stefnir að því að sameina Sæútgerð öðru útgerðarfélagi í hans eigu, Snæuglunni ehf. Niðurstöðublöð vegna endurskoðunar einstakra reikningsliða eru meðfylgjandi, sjá fylgiskjal 12.2, og hafa þau verið unnin af aðstoðarmanni þínum, Sigrúnu Hjaltadóttur. Yfirfarið niðurstöðublöðin og takið tillit til þeirra við úrlausn verkefnanna hér að neðan.

Úrlausnarefni:

- A) Ákvarðaðu mikilvægismörk vegna endurskoðunar á ársreikningi Sæútgerðar ehf. fyrir árið 2013.
- B) Tilgreindu hvaða aðgerðir er nauðsynlegt að framkvæma vegna upphafsjárhæða í bókhaldi ársins 2013 í samræmi við kröfur alþjóðlegra endurskoðunarstaðla.
- C) Gerðu drög að skekkjublaði (sjá fylgiskjal 12.3) sem þú telur nauðsynlegt að fá frá framkvæmdastjóra og stjórn félagsins vegna óleiðréttra skekkja í samræmi við ISA 450.14.
- D) Stilltu upp endanlegri áritun í heild sinni fyrir hvert neðangreindra tilvika, að því gefnu að stjórn og stjórnendur félagsins:
 - i. neiti að árita staðfestingarbréf sem alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar gera kröfu um.
 - ii. neiti að leiðrétta mögulegar skekkjur sem þú telur að séu til staðar.
 - iii. leiðrétti allar þær skekkjur sem þú telur að séu til staðar.

Vandaðu sérstaklega orðalag og frágang áritunarinnar.

Rökstyddu svörin með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið hér:

Verkefni 13 – 75 mín.

Þú þarft að gera sjóðstreymi fyrir Togaraútgerðina hf.

Þann 1. júlí 2013 tók Togaraútgerðin hf. yfir allt hlutafé í Línuskipum ehf. Samningur um kaupin var gerður þann 14. mars sama ár með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Samkvæmt samningnum seldi eigandi Línuskipa, Þorkell Magnússon, skipstjóri og útgerðarmaður, félag sitt og hugðist í framhaldinu setjast í helgan stein. Úrskurður Samkeppniseftirlitsins um að yfirtakan væri heimil lá fyrir 28. júní og þann 1. júlí var kaupverðið greitt, haldinn hluthafafundur í Línuskipum ehf. og skipt um stjórn.

Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir við gerð sjóðstreymis:

Fylgiskjöl:

Fullbúnir efnahagsreikningar Togaraútgerðarinnar hf. í ársbyrjun og árslok 2013 og rekstrarreikningur félagsins fyrir árið 2013 (fylgiskjal 13).

Upplýsingar um kaup á dótturfélaginu:

- Kaupverð Línuskipa ehf. nam 18.000, þar af voru 3.000 greiddar með handbæru fé, en 15.000 með útgáfu skuldabréfs til seljanda. Skuldabréfið er óverðtryggt, ber 10% vexti, er með fimm árlegum afborgunum, fyrst 1. júlí 2014. Vextir eru reiknaðir samkvæmt vaxtareglunni 30/360.

Aðrar upplýsingar:

- Afskriftir færðar sem hluti kostnaðarverðs seldra vara eru 11.023 og 274 sem annar rekstrarkostnaður.
- Áhrif dótturfélagsins námu 2.032 á seinni hluta ársins samkvæmt ársreikningi og hlutdeild í óinnleystum gengismun dótturfélagsins, sem færður var beint á eigið fé Togaraútgerðarinnar, var 60.
- Áfallnar vaxtatekjur sem eru færðar meðal viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna hækkuðu um 513 á árinu.
- Innheimtar arðstekjur voru 48, en þær eru hluti fjáreignatekna.
- Meðal fjármagnsgjalda er gjaldfærð virðisryrnun eignarhluta í öðrum félögum, 202.
- Næsta árs afborganir af skuldabréfaeign, sem er hluti annarra fjárfestinga, eru færðar meðal viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna. Afborganirnar lækkuðu um 727 á milli ára. Allar umsamdar afborganir ársins skiluðu sér.
- Ekkert var fjárfest í skuldabréfum og eignarhlutum í öðrum félögum á árinu.
- Ekki var gert ráð fyrir tekjuskatti til greiðslu á næsta ári í efnahagsreikningi í árslok 2013 fremur en í árslok 2012.
- Gengishagnaður af viðskiptakröfum var 82 á árinu, gengishagnaður af handbæru fé 268, en gengistap af viðskiptaskuldum nam 687. Annar gengismunur er vegna langtímaskulda.
- Næsta árs afborgun langtímaskulda er 22.446 hærri í árslok en ársbyrjun, að meðtöldum næsta árs afborgunum vegna kaupa á dótturfélaginu Línuskipum.
- Yfirdráttarlán var greitt upp á árinu.

Verkefni 13 – framhald

- Rekstrarfjármunir voru seldir gegn staðgreiðslu á bókfærðu verði, sem var 709.
- Allar fjárfestingar í rekstrarfjármunum á árinu voru greiddar fyrir árslok.
- Hlutdeild í afkomu og þýðingarmun hlutdeildarféлага, sem færður er beint á eigið fé Togaraútgerðarinnar, var samtals 5.496.
- Keyptur var lítill hluti í hlutdeildarfélagi á árinu. Hlutturinn var greiddur með handbæru fé.
- Keyptir voru eigin hlutir að nafnvirði 14 fyrir 135.
- Langtímalántökur, aðrar en vegna kaupa á dótturfélaginu Línuskipum ehf., námu 5.884.
- Áfallin vaxtagjöld, færð meðal viðskiptaskulda og annarra skammtímaskulda, hækkuðu um 2.159 á árinu, að meðtöldum vaxtagjöldum vegna skuldabréfs sem gefið var út til seljanda Línuskipa.
- Arðgreiðsla til hluthafa þann 20. maí nam 1.279, auk þess sem skilað var afdreginni staðgreiðslu af arðinum fyrir hönd hluthafanna að fjárhæð 320.

Verkefni þitt er að gera sjóðstreymi fyrir Togaraútgerðina hf. Framsetning sjóðstreymisins skal vera í samræmi við töflu sem fylgir í excel-skjali fyrir lausnina. Lögð skal áhersla á að greiðslur með handbæru fé og mótttekið handbært fé komi fram fyrir einstaka liði. Ef mikilvægir fjárfestingarliðir eða fjármögnunarliðir hreyfa ekki handbært fé er ætlast til að þeir komi fram neðan sjóðstreymisins, sem fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa. Sýndu alla nauðsynlega útreikninga (greiningar) á einstökum fjárhæðum í sjóðstreyminu.

Svarið í excel-svarskjalinu:

Verkefni 14 – 35 mín.

Auðna er fjárfestingarfélag, sem ekki á dótturfélög og gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Félagið hefur skráð skuldabréf sín í kauphöll. Starfrækslumynt félagsins er evra. Í febrúar 2013 gaf félagið út nýjan flokk hlutafjár. Almennir hlutir í félaginu eru í A-flokki, þar sem eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut, auk arðsréttar. Hlutir í B-flokki eru forgangshlutir, þar sem eigendur hlutanna hafa forgang á arðgreiðslum að fjárhæð 2,60 kr. á hlut á ári frá 1. febrúar 2013. Hlutum í B-flokki fylgir ekki atkvæðisréttur, en eigendur hlutanna geta hvenær sem er krafist þess að félagið breyti B-hlutum í jafn marga A-hluti. Óumdeilt er að hluti í B-flokki skuli flokka sem eigið fé í reikningsskilum félagsins.

Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir í drögum að árshlutareikningi félagsins fyrir fyrri helming ársins 2013:

Úr rekstrarreikningi 30. júní 2013:		
Fjárhæðir eru í þúsundum evra nema grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	1. janúar til 30. júní	
	2013	2012
(Tap) hagnaður tímabilsins	(25.364)	18.330
Rekstrarafkoma færð beint á eigið fé	3.066	16.825
(Heildartap) -hagnaður tímabilsins	(22.298)	35.155
Grunnhagnaður á hlut (evrusent á hlut)		1,75
Þynntur hagnaður á hlut (evrusent á hlut)		1,71
Úr efnahagsreikningi 30. júní 2013:		
	30.6.2013	31.12.2012
Bókfært verð A-hluta	5.947	5.947
Bókfært verð B-hluta	623	0
Fjöldi A-hluta í þús., nafnverð 1 kr.	1.008.681	1.008.681
Fjöldi B-hluta í þús., nafnverð 1 kr.	107.631	0
Gengi evru gagnvart íslenskri krónu:		
Að meðaltali á fyrri helmingi ársins	161,60	
30. júní 2013	161,55	

Yfirmaður þinn gerði fyrir tveimur árum samning við félagið um reikningsskilabjónustu og ráðgjöf, en Auðna er endurskoðað af öðru endurskoðunarfélagi.

Verkefni þitt er eftirfarandi:

Reiknaðu grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut í evrusentum fyrir fyrri helming ársins 2013. Ekki þarf að gera ráð fyrir tekjuskatti. Gerðu jafnframt skriflega grein fyrir niðurstöðu þinni um þynntan hagnað á hlut.

Svarið hér eða í excel-svarskjali:

Verkefni 15 – 35 mín.

Móðurfélagið Ísafold hf. er eignarhaldsfélag sem á fjölmörg fyrirtæki í framleiðslustarfsemi og rekur framleiðslufyrirtæki víða um heim, oft í gegnum eignarhaldsfélög. Meðal dótturfélaga Ísafoldar hf. er hollenska eignarhaldsfélagið Sudag B.V., sem nýverið seldi franskt dótturfélag sitt með verulegum hagnaði.

Stjórnendur samstæðunnar hafa undanfarin misseri kannað fjárfestingarkosti og í septemberbyrjun 2013 var stofnað nýtt íslenskt hlutafélag í eigu Sudag B.V., sem reiknað er með að hefji starfsemi snemma árs 2014. Farin var svokölluð fjárfestingarleið Seðlabankans. Í henni fólst að Sudag B.V. flutti til landsins 15 millj. evra og seldi í skiptum fyrir íslenskar krónur. Helmingur evranna var seldur viðskiptabanka á genginu 160 krónur, sem var skráð gengi evrunnar á viðskiptadeginum, og helmingur á genginu 210 krónur, sem var útboðsgengi í gjaldeyrisútboði Seðlabankans. Andvirðið af sölu evranna að frádregnum kostnaði vegna viðskiptanna, að fjárhæð 5 millj. króna, var ráðstafað til kaupa á nýju hlutafé í Sudag Ísland hf. að nafnverði 277 millj. króna. Sudag Ísland gerði í árslok 2013 samning um kaup á húsnæði og framleiðslutækjum, en átti söluandvirði hlutafjárins í krónum óskert í árslok 2013, þar sem fyrirvari var í kaupsamningnum um samþykki Samkeppniseftirlitsins, sem ekki lá fyrir í árslok.

Sudag B.V. færir bókhald sitt og gerir ársreikning í evrum, sem er starfrækslumynt félagsins. Móðurfélagið Ísafold hf. er einnig með evru sem starfrækslumynt. Sudag hf. sem eingöngu mun framleiða fyrir innanlandsmarkað er með krónu sem starfrækslumynt. Sudag B.V. færir eignarhlut sinn í Sudag Ísland hf. með hlutdeildaraðferð. Gengi evrunnar í árslok 2013 var 158 krónur, en meðalgengi ársins var 163 krónur.

Verkefni þitt er að gera tölulega grein fyrir því með hvaða hætti áhrifa þessara viðskipta gætir í samstæðuársreikningi Ísafoldar hf. fyrir árið 2013, það er í rekstrarreikningi og á eigið fé.

Svarið hér eða í excel-svarskjali:

Verkefni 16 – 20 mín.

Félögin A, B, C og D eru samsköttuð frá og með árinu 2012 og er félagið A móðurfélag. Tekjuskattsstofnar félaganna árin 2012 og 2013 voru sem hér segir án áhrifa af útreikningi samsköttunarinnar:

	2012	2013
A	-150.000	36.000
B	-75.000	-60.000
C	37.500	45.000
D	7.500	31.500
Samtals	<u>-180.000</u>	<u>52.500</u>

Verkefni þitt er:

- A) Að leiða út skattstofn hvers félags í samsköttun fyrir árin 2012 og 2013 samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003 og yfirfæranlegt tap hvers félags í lok árs 2013.
- B) Tilgreina yfirfæranlegt tap sem B tekur með sér í lok samsköttunarinnar ef B var selt á árinu 2014 og hefur átt ónotað tap frá því fyrir samsköttun að fjárhæð kr. 100.000.
- C) Greina frá mögulegum áhrifum þess á samsköttun félaganna ef félagið C flytur starfsemi sína til Danmerkur á árinu 2014, án þess að eignarhaldið breytist og ber takmarkaða skattskyldu á Íslandi það ár.

Svarið hér eða í excel-svarskjali:

Verkefni 17 – 20 mín.

Holuhraun ehf. er í eigu tveggja bræðra að jöfnu. Reksturinn hefur hvílt á höndum annars þeirra og er hann í stjórn félagsins ásamt eiginkonu sinni en hinn bróðirinn er opinber starfsmaður sem stöðu sinnar vegna má ekki koma að rekstrinum á neinn hátt. Þú ert á fundi með hluthöfunum í ágúst 2014 til þess að fara yfir skattframtal félagsins vegna ársins 2013. Á framtalinu eru tilgreindar kr. 10.000.000 í reit 5060 sem kröfur á tengda aðila sem ekki eru vaxtareiknaðar. Um er að ræða kröfu á þá bræður að jöfnu sem varð til vegna þess að félagið seldi þeim eign í maí 2013 á markaðsverði sem miðaðist við staðgreiðslu og var það kr. 10.000.000. Á árinu 2014 ætla bræðurnir að gera upp skuld sína við félagið samfara arðsúthlutun úr því, þar sem fjármögnun viðskiptanna hafi óvænt brugðist á árinu 2013.

Verkefni þitt er að gera bræðrunum grein fyrir því hvaða skattalegar afleiðingar þetta getur haft í för með sér, bæði fyrir þá sem einstaklinga og félagið.

Svarið hér:

Verkefni 18 – 45 mín.

Sigrún Hjaltadóttir, aðstoðarmaður þinn hefur gengið frá gagnagreiningaraðgerðum (e. substantive analytical procedures) vegna launa í samræmi við endurskoðunarfyrirmæli fyrir Leikskóla ehf. Vinnublöð hennar ásamt áhættumati eru meðfylgjandi, sjá fylgiskjal 18.1 og 18.2. Sigrún er mjög áhugasöm en henni finnast gagnagreiningaraðgerðirnar oft flóknar. Hún stillti því upp þremur mismunandi gagnagreiningaraðgerðum vegna launakostnaðarins í samræmi við ISA 520. Yfirfarið gagnagreiningaraðgerðirnar og áhættumatið og takið tillit til þeirra við úrlausn verkefnanna hér að neðan.

Úrlausnarefni:

- A) Í áhættumati fyrir launakostnað og ógreiddan launakostnað Leikskóla ehf. var gert ráð fyrir áhættu vegna allra staðhæfinga sbr. ISA 315.A124. Yfirfarðu áhættumatið og tilgreindu hvort, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, sé nauðsynlegt að bæta við eða fella út einhverjar fyrirhugaðar endurskoðunaraðgerðir.**
- B) Berðu saman þessar þrjár aðferðir hennar við að nálgast greiningu á launakostnaði og tilgreindu hversu vel þær uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í ISA 520.5a-d.**

Rökstyddu svörin með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið hér:

Verkefni 19 – 60 mín.

Í lok árs 2013 keypti Snæuglan ehf. öll hlutarbréf fjögurra annarra útgerðarféлага. Þau eru Skipanes ehf., Loftnes ehf., Marnes ehf. og Flugfiskvinnslan ehf. Kaupsamningsdagur og afhendingardagur eignanna var 30. desember 2013. Áformað er að sameina öll félögin miðað við 31. desember 2013 og mun Snæuglan ehf. útbúa samstæðuársreikning með þessum fjórum nýju dótturfélögum sínum. Fjögur mismunandi endurskoðunarfyritæki eru endurskoðendur félaganna fjögurra. Allir endurskoðendurnir og endurskoðunarfyritækin eru íslensk. Búið er að stilla upp drögum að ársreikningnum félaganna, sjá fylgiskjal 19.1.

Úrlausnarefni:

- A) Ákvarðaðu mikilvægismörk fyrir samstæðuna í samræmi við kröfur í ISA 600.21a-c.**
- B) Tilgreindu hvaða upplýsinga er nauðsynlegt að afla um endurskoðendur dótturfélaga í samræmi við kröfur ISA 600.**
- C) Útbúðu endurskoðunarfyrimæli (e. communication with the component auditor/group audit instructions) til endurskoðenda dótturfélaganna vegna lykiláhættuþátta (e. significant risk) vegna endurskoðunar á samstæðureikningi.**

Rökstyddu svörin með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið hér:

Verkefni 20 – 50 mín.

Þú ert að ljúka endurskoðun á ársreikningi verktakafyrirtækisins Aftur upp (AU) ehf. vegna ársins 2013 og áætlað er að undirrita ársreikninginn á morgun. Drög að rekstrar- og efnahagsreikningi eru meðfylgjandi, sjá fylgiskjal 20.1.

Endurskoðunarteymið hefur lagt áherslu á að skoða vel rekstrarhæfi félagsins. Í vinnugögnum má sjá að teymið hefur m.a. aflað sér upplýsinga um áætlanir félagsins og má sjá að rauntölur vegna ársins 2014 (janúar til september) eru talsvert langt frá áætlunum og stefnir í svipaðan taprekstur og á árinu 2013. Í vinnugögnum stendur enn fremur að stjórnendur félagsins eru að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu og miklar vonir eru bundnar við að ná samningnum við fjármögnunarleigu sem AU hefur skipt við lengi, en ekki náð að standa í skilum við undanfarna mánuði. AU fékk í ágúst 2014 að gera tilboð í mjög stórt verk og líklegt er að gengið verði til samninga við AU í nóvember. Ef þessi samningur gengur eftir mun það hafa mjög jákvæð áhrif á afkomu félagsins næstu tvö árin.

Það er niðurstaða vinnupappíranna að vissulega sé staða félagsins erfið en það sé ekki ástæða til þess að benda sérstaklega á óvissu um rekstrarhæfi í áritun þar sem þessi óvissa komi skýrt fram í tölum í rekstrarreikningi og efnahagsreikningi. Stjórnendur og stjórn hafa auk þess fullyrt við okkur að rekstrarhæfi félagsins sé til staðar og undirritað sérstakt staðfestingarbréf þess efnis. Félagið hefur margsinnis áður verið í svipaðri stöðu og alltaf náð að rétta úr kútnum. Endurskoðunarteymið fór sérstaklega yfir allar lokafærslur og í einu tilviki var lagt til að lokafærsla, þar sem verk í vinnslu var fært til tekna, yrði færð til baka þar sem verkinu er ekki lokið eftir yfirferð teymisins. Jafnframt var bakfærð áður tekjufærð árangurstenging vegna sama verks. Hún fól í sér 10% hærri þóknun vegna verksins ef því yrði lokið fyrir 10. maí 2014.

Verkefnastjóri teymisins hefur samið texta um fjárhagslega stöðu félagsins og hugsanlega óvissu um rekstrarhæfi til að setja í endurskoðunarskýrslu, sjá fylgiskjal 20.2.

Úrlausnarefni:

- A) Eru endurskoðunaraðgerðir teymisins fullnægjandi? Rökstyddu svarið.
- B) Stílltu upp endanlegri áritun í heild sinni, að því gefnu að stjórn og stjórnendur félagsins:
 - i. Geri engar breytingar á fyrirbyggjandi drögum að ársreikningi félagsins.
 - ii. Taki tillit til mögulegra athugasemda þinna.

Vandaðu sérstaklega orðalag og frágang áritunarinnar.

Rökstyddu svörin með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið hér:

Verkefni 21 – 50 mín.

Stjórn TELEFON hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Markmið félagsins er að fylgja í hvívetna leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

TELEFON hf. leggur ekki síður áherslu á að fylgja reglum IX. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995 sem fjalla um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd, enda er TELEFON hf. lögskýlt að gera svo.

TELEFON hf. skilgreinir sig sem fjarskiptafyrirtæki og er að mestu með starfsemi á Íslandi, en einnig er nokkur starfsemi í útibúum á hinum Norðurlöndunum og í Þýskalandi. Félagið hefur verið skráð í Kauphöll Íslands í rúmt ár. Starfsmönnum félagsins fer fjölgandi. Fyrir þremur árum var fjöldi ársverka rúmlega sextíu, en hefur fjölgað jafnt og þétt og eru í dag tæplega eitt hundrað. Rekstrartekjur hvers árs síðastliðin 3 ár hafa numið rúmum milljarði króna.

Í hluthafahópi TELEFON hf. hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um stefnu félagsins og hafa hluthafar í megindráttum skipst í tvær fylkingar. Núverandi skipun stjórnarinnar dregur dóm af þessu og má segja að þrír af fimm stjórnarmönnum, þ.m.t. stjórnarformaðurinn, endurspegli þá fylkingu sem er í meirihluta. Þeir þrír stjórnarmenn sem skipa meirihlutann eru Hildur Helgadóttir, stjórnarformaður, Jónas Jónsson og Sigríður Sigurðardóttir. Minnihluta stjórnarinnar skipa þær Svala Skúladóttir og Erna Guðrúnardóttir.

Engar undirnefndar stjórnar hafa verið skipaðar, s.s. endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd eða tilnefningarnefnd, sbr. fyrrgreindar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Þetta hefur verið rætt í stjórninni, en niðurstaðan var að þess þyrfti ekki eftir að stjórnarmönnum var fjölgað úr þremur í fimm við skráningu í Kauphöll Íslands fyrir rúmu ári síðan.

Stærsti hluthafinn í TELEFON hf. er stjórnarmaðurinn Svala Skúladóttir, en þrátt fyrir þá staðreynd er hún í minnihluta í stjórninni. Í krafti hlutafjareignar sinnar gat hún hins vegar ráðstafað tveimur stjórnarsætum og fékk með sér í stjórnina alþjóðlega þekktu viðskiptakonu, Ernu Guðrúnardóttur. Erna er afar virt á Íslandi og erlendis fyrir sín störf og talin einstaklega siðprúð og samfélagslega ábyrg og var hugsun Svölu með stjórnarsetu Ernu að bæta ímynd félagsins, og veitir ekki af eftir ítrekaðar uppákomur tengdar lykilstarfsmönnum félagsins. Var stjórnarformanninum, Hildi Helgadóttur, kunnugt um þessa hugsun Svölu og fannst hún skynsamleg. Erna er afar upptekin, situr í stjórnnum margra fyrirtækja og góðgerðarfélaga um allan heim, og gerir stjórnarformaðurinn Hildur því ekki ráð fyrir miklu framlagi frá Ernu. Hún sé nokkurs konar skrautfjöldur fyrir félagið. Hildur hefur því oft ekkert verið að senda Ernu nákvæmar upplýsingar um þau mál sem fyrirhugað er að taka fyrir á stjórnarfundum, eins og um bókhald og meðferð fjármuna félagsins, enda líka gert ráð fyrir að Svala upplýsi sinn stjórnarmann um þau mál sem Svala telur skipta máli að upplýsa hana um, enda sitji Erna í stjórninni í umboði Svölu. Hefur Erna því oft en ekki verið aðeins annars hugar þegar flókin mál eru til umræðu á stjórnarfundum. Þá hefur komið fyrir að Hildur hafi gleymt að boða Ernu á stjórnarfundum, en í öllum slíkum tilvikum hefur

Verkefni 21 – framhald

Svala látið Ernu vita. Fjórir af fimm stjórnarmönnum eru óháðir TELEFON hf. og daglegum stjórnendum þess, en aðeins tveir þeirra eru óháðir stórum hluthöfum félagsins.

Fyrirnefndar uppákomur tengjast fjármálastjóra félagsins og viðskiptaþróunarstjóra þess. Fjármálastjórinn er harður andstæðingur þess að veita fólki utan Evrópska efnahagssvæðisins atvinnu- og dvalarleyfi á Íslandi og hefur farið svo mikinn í opinberri umræðu um þau mál, bæði í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum, að jaðrar við kynþáttahyggju. Á samfélagsmiðlunum hefur nafn TELEFON hf. oftast en einu sinni verið dregið inn í umræðuna, en fjármálastjórinn staðhæfði a.m.k. einu sinni að TELEFON hf. hefði aldrei þurft á „svona“ vinnuafli að halda. Þá hefur viðskiptaþróunarstjórinn sýnt óábyrga hegðun í mörgu tilliti. Er þar fyrst að nefna lífsstíllinn, en hann á við áfengisvandamál að stríða og hefur ekki sýnt neinn vilja til að taka á því og hefur margsinnis verið ofurölvi í miðbæ Reykjavíkur langt fram eftir nóttu, verið myndaður af fjölmiðli í þannig ástandi á nektardansstað og á nú orðið tvö kornabörn með stúlkum um tvítugt, en hann sjálfur er 47 ára, kvæntur og á með eiginkonu sinni tvær dætur, 22ja og 25 ára. Þegar fjármálastjórinn lenti nýlega í áflogum við mann af asísku bergi brotnu og var ákærður fyrir líkamsárás, en sýknaður vegna formgalla, þá fjallaði síðdegisblað ítarlega um siðferði og ábyrgðarleysi umræddra starfsmanna TELEFON hf. þar sem vegið var að orðspori og ímynd félagsins. Var í þeirri umfjöllun rifjuð upp fyrri umfjöllun sama blaðs um utanvegaakstur viðskiptaþróunarstjórans á jeppa sem var í eigu félagsins og merktur því, en viðskiptaþróunarstjórinn viðurkenndi síðar fyrir forstjóranum að hann hefði verið búinn að drekka „1-2 rauðvínsglös með matnum“ áður en hann ók utanvega. Stjórnarformaðurinn, Hildur Helgadóttir, og forstjórinn hafa eðlilega af þessu áhyggjur, en vita ekki alveg hvað beri til bragðs að taka. Þau gætu ekki vísað í skriflegar reglur sem starfsmennirnir hefðu brotið, enda þótt þeim væri báðum ljóst að hegðunin væri siðferðislega óábyrg og ekki í samræmi við það sem þau vilja sjá TELEFON hf. standa fyrir.

Hins vegar er stjórnin afar ánægð með forstjóranum. Hún telur hann hafa unnið þrekvirki síðastliðin fjögur ár frá því að hann tók við. Í fyrsta lagi með því að bæta reksturinn verulega, snúa tapi yfir í umtalsverðan hagnað, og í öðru lagi með því að ná settu markmiði um skráningu félagsins á markað í upphafi ársins 2013. Hefur stjórnin í hyggju að umbuna forstjóranum með einhverjum hætti, bónusgreiðslum, kaupréttum o.þ.h. Hefur komið til tals innan stjórnarinnar að þróa einhvers konar umbunarkerfi fyrir lykilstarfsmenn. Við hönnun slíks kerfis yrði að horfa til uppákoma eins og hafa verið með fjármálastjóranum og viðskiptaþróunarstjóranum. Telur stjórnin að rétt sé að þróa og taka í notkun heildstæða starfskjarastefnu fyrir lykilstarfsmenn félagsins og stjórnarmenn. Í bókun stjórnarinnar var í því sambandi m.a. vísað til þáttar stjórnarformannsins, Hildar Helgadóttur, í árangri undanfarinna ára, en viðsnúningur rekstrar og skráning á markað hefði ekki tekist, nema Hildur, sem er löggiltur endurskoðandi, hefði hlaupið undir bagga og tekið að sér í hlutastarfi vissa þætti við daglega fjármálastjórn TELEFON hf. Hildur var þannig að hluta til starfandi stjórnarformaður og er ætlunin að halda því fyrirkomulagi áfram, að nýta krafta stjórnarformanns sem mest við daglega stjórnun félagsins til hagsbóta fyrir það. Mun þá fara eftir reynslu og menntun stjórnarformannsins hverju sinni hvar kraftar hans nýtast sem best fyrir félagið.

Verkefni 21 – framhald

Verkefni þitt er að draga fram þau atriði í framangreindum texta sem gefa tilefni til að ætla að stjórnarhættir TELEFON hf. séu ekki í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins og ekki í samræmi við IX. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995. Vísa skal til viðeigandi ákvæða leiðbeininganna og laganna.

Svarið hér: